

Bókarýni „Why Iceland?“ eftir Ásgeir Jónsson

Ekki eru allar ferðir til fjár

ÖRN ARNARSON
orn@vb.is

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, hefur sent frá sér bók um íslenska fjármálahrunið. Þrátt fyrir að bókin sé á ensku og skrifuð fyrir erlenda lesendur má leiða líkur að því að mörgum Íslendingum finnst forvitnilegt að fræðast um hvað einn helsti kennimaður útrásarbankanna hefur um hrunadansinn að segja.

Eins og segir í bókarkynningu þá byggðist upp bankakerfi á Íslandi, á hjara veraldar, sem á örfáum árum stóðst öllum bankaveldum heims snúning. En úr varð skelfing og fjármálahrun af nánast biblíulegri stærðargráðu á haustmánuðum árið 2008.

Eitt helsta einkenni íslensku bankautrásarinnar er hversu stutt hún stóð yfir. Segja má að hún hefjist af fullum þunga árið 2004 þegar Kaupþing keypti FIH, þriðja stærsta banka Danmerkur. Kaupin mörkuðu vatnaskil í framþróun íslensku bankakerfisins. Með þeim varð Kaupþing sannarlega alþjóðlegt fjármálfyrirtæki sem hin áhrifamiklu matsfyrirtæki litu til með velþóknun. Svo virtist að forráðamenn Kaupþings hefðu brotið nýtt land og það sýndist svo gjöfult í augum stjórnenda hinna viðskiptabankanna að þeir ákváðu að feta í sömu fótspor. Aðeins þremur árum síðar, á haustmánuðum 2007, var rekstur bankanna í járnnum og horfurnar dökkar, svo ekki sé sterkar að orði kveðið. Spilaborgin hrundi svo með öllu einu ári síðar. Og það verður ekki sagt að bankarnir hafi siglt lyngan sjó á þessum stutta tíma því að strax árið 2006 var rekstur þeirra gagnrýndur harðlega af erlendum greinendum og urðu afleiðingarnar að tímabundinni bankakreppu sem síðar reyndist forleikurinn að því sem koma skyldi.

Blásið í þjóðrembingsslóður

Skammur tími leið frá því að bankarnir fóru að hasla sér völl erlendis og þangað til þeir hrundu. Þrátt fyrir það lítur Ásgeir lengra aftur í leit að upphafinu, allt til upphafs landnáms. Eflaust er kafli hans um þjóðveldið, víkingana og greining hans á áhrifum upprunans á hina svokölluðu þjóðarsál áhugaverð lesning í augum þeirra sem lítt þekja til. En ekki verður séð hvaða erindi slíkur kafli á í bók sem fjallar um hrundið. Vissulega klifuðu hirðskáld, og í sumum tilfellum hirðffíl, bankautrásarinnar á sínum tíma á því að hún væri bein framlenging á starfsemi víkinga fyrir þúsund árum en eins og sagan kennir þá er algenget að einhvers konar nútímagöðsagnir spretti upp samhliða eignabólum og er í þær vísað til þess að réttlæta vöxt sem á sér ekki sögulega hliðstæðu. Sjaldgæfara er að slíkum sögnum sé haldið á lofti þrátt fyrir að bólurnar hafi sprungið. Í þessu samhengi má nefna að af umfjöllun Ásgeirs að dæma mætti halda að þjóðin hafi sameinuð staðið á öndinni yfir afrekum bankamanna á erlendum vettvangi. Það má velta fyrir sér hversu beintengdur Ásgeir Jónsson er við íslenska þjóðarsál þegar hann leyfir sér að fullyrða við erlenda lesendur að útrás bankanna hafi verið „uppspretta óhefts þjóðarstolts“ (e. the source of unbounded national pride). Og á sömu síðu segir hann að þrátt fyrir að mikil gleði hafi ríkt á Íslandi vegna kaupanna á FIH hafi Danir verið andsnúnir þeim. Þeir hafi átt erfitt með að kyngja því að fyrrum

þegnar þeirra – „ófágaðir fiskimenn“ (e. rustic fishermen) – hafi fest kaup á dönsku fyrirtæki (bls 53). Eflaust hafa margir vonað að svona þjóðernisrembingleg mynd af alþjóðlegum viðskiptum heyrði nú blessunarlega sögunni til enda var aldrei nein innistaða fyrir henni meðal þjóðarinnar þótt eflaust megi finna mæðarleg skrif einstaklinga um útrásina frá þessum tíma.

Hið sögulega samhengi er að sjálfsögðu mikilvægt til þess að skilja eðli íslensku bankautrásarinnar til hlítar. Ásgeir gerir sér auðvitað grein fyrir því og kafli hans um rætur íslensku



lenska bankakerfisins er fróðlegur bæði fyrir lærða og leikmenn. En að sama skapi varpar bókin litlu ljósi á hvernig það gerðist að bankamenn í klafaríkisbankakerfisins viku fyrir áhættusæknunum mönnum sem lögðu áherslu á vöxt umfram allt. Hvorki meint „víkingaeðli“ né frjálsræðis- og einkavæðing útskýrir þá þróun fyllilega. Ásgeir nefnir að sú kynslóð sem skipaði sér í framvarðarsveit íslensku fjármálaheimsins á tíunda áratug-

náð með viðskiptavinum sínum og þar á meðal að taka stöðu með þeim í fjárfestingum. Framtíðarsýn Sigurðar rættist, um skeið að minnsta kosti, og gott betur.

Þrátt fyrir að Ásgeir geri þessari framtíðarsýn Sigurðar skil kannar hann hana ekki ofan í þaula með hliðsjón af þeirri þróun sem átti sér

stað.

Sérstaklega hefði verið gagnlegt að skoða áhersluna á hið nána samstarf bankanna við helstu viðskiptavini sína í þessu samhengi. Sem kunnugt er gagnrýndu erlendir greinendur veturinn 2006 íslensku bankana fyrir kross-eignatengsl þeirra við helstu leikendur í íslensku atvinnulífi og nú hefur komið í ljós að þessi tengsl voru aldrei rofin að fullu þrátt fyrir að öðru hafi verið haldið fram. Reyndar voru þau svo mikil að nýleg opinberun á hlutalánabókar Kaupþings frá september í fyrra hefur vakið furðu meðal sérfróðra í alþjóðlegum bankageira og vakið upp áleitnar spurningar um gæði áhættustýringar hinna föllnu banka.

Gagnrýnin frá árinu 2006 fólst ennfrem-

að þeir stóðu í áhættusamari útlánum til þess að standa undir vöxtunum á innlánum. Þetta er lykilsurning þegar aðdragandi íslenska bankahrunsins er skoðaður og hefði Ásgeir mátt leita við henni svara.

Samt sem áður er umfjöllun Ásgeirs um bankakrísuna árið 2006 um margt fróðleg. Í henni kemur meðal annars fram að hin margrómaða skýrsla þeirra Frederic Mishkin og Tryggva Þórs Herbertssonar um íslenska hagkerfið frá árinu 2006 hafi ekki alls staðar fallið í frjóan jarðveg. Ásgeir segir að starfsmaður Merrill Lynch hafi sagt í einkapósti til starfsmanns Kaupþings að skýrslan væri ekki sérstaklega sannfærandi og að fjöldi stafsetningavillna í henni benti til þess að hún hafi ekki verið skrifuð af manni sem á ensku að móðurtungu. Þrátt fyrir þetta var þessi skýrsla eitt af helstu vopnum í varnarbaráttu íslensku bankakerfisins.

Óhættar útrásarvíkingar

Reyndar vekur þessi umfjöllun Ásgeirs upp áleitnar spurningar um hversu vel í stakk búinir forráðamenn íslensku bankanna voru yfirhöfuð til þess að stýra alþjóðlegum fjármálfyrirtækjum – ekki síst þegar sjólagið fór að versna. Staða bankanna þrengdist mikið árið 2006 en eins og Ásgeir bendir á þá opnuðust fjármögnunarmarkaðir fyrir íslensku bankana á ný upp á gátt síðar sama ár (bls 89-91). Forráðamenn þeirra létu sér ekki það tækifæri renna úr höndum þrátt fyrir að hafa átt í vök að verjast nokkrum mánuðum áður og að ýmis teikn voru á lofti um að horfur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum kynnu að versna í fyrirsjáanlegri framtíð. Og fyrirhyggjan varð aldrei áberandi eftir það eins og sést til að mynda af tilraun Kaupþings til þess að taka yfir hollenska bankann NIBC. Tilraunin var gerð eftir að vandamál á bandaríska fasteignamarkaðnum var farið að valda streitu á fjármálamörkuðum. Og sú streita leiddi til þess að þeim röddum sem vörðu við yfirvofandi býsnavetri fjölgaði, svo mikið að úr varð kór sem ekki var hægt að skella skollaeyrum við. Það að forráðamenn bankans skuli hafa streist á móti svo lengi og ekki játað sig sigraða og séð að ytri aðstæður gerðu yfirtökuna algjörlega vonlausu bendir til þess að þeir hafi ekki verið í miklu jaðarsambandi við strauma og stefnur á alþjóðamörkuðum.

Ásgeir dregur engan dul á það í bók sinni að víða var pottur brotinn í íslenska fjármálageiranum og að sama skapi bendir hann á að ábyrgð íslensku ríkisins á hruninu er einnig mikil. Aðgerðaleysi ríkisvaldsins andspænis yfirvofandi ógn hafi verið vítavert gáleysi. Ásgeir varpar ekki beinu ljósi á hvað geti útskýrt það aðgerðaleysi en líklegt má teljast að tilefni hrunadansins verði ekki skilið fyrr en svör við þeirri spurningu fást.

Bókin „Why Iceland“ bætist við alla þá dálkkílómetra sem hafa verið skrifaðir um íslenska bankahrundið á erlendum vettvangi. Þrátt fyrir að bókin sé ekki gallalaus gerir hún samilega grein fyrir þróun mála og Ásgeir á auðvelt með að útskýra, þegar svo ber undir, hinar tæknilegu hliðar málanna. Ásgeir svarar þó ekki meginspurningu bókarinnar um af hverju örlög Íslands voru með þessum hætti en hins vegar vekur hann upp mikilvægar spurningar sem vonandi fást einhvern tíma svör við.



Verkleg greining: Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings og höfundur bókarinnar „Why Iceland?“

VB MYND/BIG

um hafi verið „alþjóðavæddari“, ef svo má orði komast, en eldri kynslóðir en það eitt og sér skýrir hvorki áhersluna á ofurvöxt né gálausu áhættusækni.

Hugmyndafræðilegt vélarafi útrásarinnar

Áherslan á ofurvöxt og áhættusækni kemur vel fram í frásögn Ásgeirs af ræðu sem Sigurður Einarsson hélt fyrir starfsmenn Kaupþings í mars árið 1999 (bls 33-36). Samkvæmt frásögninni lýsir hann stórkostlegum áformum um stækkun bankans og umbreytingu hans í alþjóðlegt fjármálfyrirtæki sem hefði það að leiðarljósi að starfa

ur í fjármögnun bankanna. Það er að segja hve háðir þeir voru heildsöluþjálfarmögnun á kostnað innlána. Eins og frægt er orðið brugðust bæði Kaupþing og Landsbanki við þessu með því að koma netlánareikningum í gagnið á meginlandi Evrópu og Bretlands-eyjum. Þetta þótti „tær snilld“ á sínum tíma en enn stendur spurningin um hvort um örvæntingarviðbrögð hafi verið að ræða. Hvers vegna gátu íslensku bankarnir boðið upp á svona hagstæð kjör miðað við aðra banka í samkeppninni um netinnlán? Tvennt kemur til greina: Annars vegar að þeir voru betur reknir en hinir bankarnir og hins vegar